



Skagafjörður
Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir
Skagfirðingabraut 17
550 SAUÐÁRKRÓKI

Garðabær, 28.2.2025
Málsnúmer: 202501-0065
MH

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skagafjarðar 2020–2035 – Veitur á Sauðárkróki, sjóveita

Vísað er til erindis Skagafjarðar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 15. janúar 2025 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um breytingu á aðalskipulagi Skagafjarðar 2020–2035 vegna afmörkunar helgunarsvæðis fyrir sjóveitulagnir á Sauðarkróki.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagsbreytinguna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Sjóveitan mun liggja í jaðri svæðis sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár vegna vistgerða á landi, ferskvatnsvistgerða og fugla (<https://natturuminjaskra.ni.is/>). Að sögn staðkunnugra hefur kría orpið á þessum slóðum, auk þess sem reikna má með fjölbreyttu fuglalífi í nærliggjandi votlendi og vötnum. Því er mikilvægt að taka tillit til fuglalífs við skipulag austan Sauðárkróksbrautar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við aðalskipulagsbreytinguna.

Virðingarfyllt,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur